

Bréf til Skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar

Meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagsbreytingu fyrir Öldugötu 1 á Flateyri

Hér fyrir neðan verður rakin í grófum dráttum tildrög þess að sótt er um deiliskipulagsbreytingu. Ætla má að það hafi verið vöntun á upplýsingum, til þeirra sem unnu deiliskipulagið, varðandi sölu eignarinnar og því hafi deiliskipulagið haft þann galla að gera ráð fyrir að fjarlægja eign sem Ísafjarðarbær hafði í raun ekki lengur áætlanir um að fjarlægja.

Árið 1996 byrjaði vinna við deiliskipulag á eyrinni á Flateyri, á þeim tíma var Öldugata 1b í slæmu ástandi eftir snjóflóð 1995. Eignin hafði verið keypt upp eftir tjónið og í deiliskipulagsvinnunni var gert ráð fyrir að fjarlægja húsið.

Í mars 1997 keypti undirritaður eignina af bæjarsjóði Ísafjarðar. Líklega hafa upplýsingar um þessi kaup ekki komist til stofunnar sem vann deiliskipulagið, því í nóvember 1997 auglýsti Ísafjarðarbær deiliskipulag þar sem var gert ráð fyrir að fjarlægja húsið og nýta svæðið sem tvær lóðir með aðskildum byggingarreitum.

Undirritaður byrjaði fljótlega að gera upp húsið, meðal annars að byggja sólskála 1999 til að tengja saman fyrstu og aðra hæð, en inngangurinn að húsinu var í mjög slæmu ástandi. Skipulags- og byggingarfulltrúi benti honum á að hann þyrfti að sækja um byggingarleyfi fyrir breytingunum á húsinu. Undirritaður bar fyrir sig að þetta væri aðeins nauðsynlegt viðhald.

Árið 2000 hóf undirritaður að byggja bílskúr, honum var aftur bent á að sækja þyrfti um byggingarleyfi. Hann tók saman þau gögn sem beðið var um og sótti um byggingarleyfi. Umhverfisnefnd mælti með því að undirritaður fengi leyfi til að byggja bílskúrinn, þrátt fyrir að það samrýmist ekki gildandi deiliskipulagi sem gerði ráð fyrir að fjarlægja eignina. Bæjarstjórn felldi þá afgreiðslu. Undirritaður kærði þá ákvörðun til úrskurðarnefndar. Árið 2002 lá fyrir útskurður þar sem úrskurðarnefndin staðfesti ákvörðun bæjarstjórnar, varðandi það að ekki væri hægt að gefa út byggingarleyfi sem samræmist ekki deiliskipulagi.

Í kjölfar úrskurðarins ákvað umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar árið 2002 að krefjast þess að undirritaður myndi fjarlægja öll mannvirki af lóðinni sem hafa verið reist án tilskilinna leyfa. Undirritaður skaut þessari ákvörðun til úrskurðarnefndar sem komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar væri felld úr gildi.

Eftir úrskurð úrskurðarnefndar í þessum tveimur málum stendur eftir að undirrituðum er ekki heimilt að byggja bílskúr á lóð sinni meðan það samræmist ekki deiliskipulagi. Undirritaður þarf ekki að fjarlægja viðbyggingu (sólskála), skúr og gróðurhús sem hann hefur reist án byggingarleyfis.

Öll þessi vandræði eru í grunninn komin til af því að áætlanir Ísafjarðarbæjar um að fjarlægja þessa byggingu gengu ekki eftir og í staðin var eignin seld og gerð upp. Svo virðist sem láðst hafi að uppfæra stefnu deiliskipulagsins til samræmis við það. Deiliskipulagið endurspeglar ekki núverandi aðstæður og hindrar eiganda í að sækja um byggingarleyfi fyrir framkvæmdum eða selja eignina. Núverandi byggingarfulltrúi hefur lagt til að gerð verði deiliskipulagsbreyting til að leiðrétta þetta. Það myndi teljast óveruleg breyting á deiliskipulaginu.

Undirritaður óskar eftir að meðfylgjandi tillaga að deiliskipulagsbreytingu verði tekin til meðferðar í samræmi við skipulagslög.



Stanislaw Kordek